



SKÓGARHVERFI AKRANESI, DEILISKIPULAG 1. ÁFANGA BREYTING



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:1000



AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005-2017, 1:10.000

Bæjarstjórn Akraness leggur til að deiliskipulagi að 1. áfanga Skógarhverfis verði breytt á þann veg að heimild verði veitt fyrir byggingu kjallara undir hluta byggingareits. Einnig verði gerð breyting á skilmála í grein 4.2.5 í Deiliskipulagsskilmálum frá því í nóvember 2005. Breytingin gildir um lóðir nr. 6 og 8 við Seljuskóga en þar gilda ákvæði um parhús, sunnan götu, húsagerð P-II

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum:

- Leyfi er veitt til þess að gera kjallara innan byggingareits að hluta til alls að hámarki 40m² fyrir hvora íbúð. Aðgengi að kjallara verði innanhúss og verði hann að fullu niðurgrafinn. Hámarks lóðanýting verði að þessu breyttu íbúðafjölda x 200m² ofanjarðar auk 40 m² kjallara.
- Fallið er frá takmörkunum á stærð útbygginga mót suðri í töflu í grein 4.2.5 í byggingar og skipulagsskilmálum "byggingarreitur fyrir einnar hæðar útbyggingu mót suðri, lengd mest hálf langhlið íbúðar". Leyfilegt að fara með neðri hæð suðurhliðar að fullu leiti í ytri mörk byggingarreits.

Breytingar þessar hafa engin neikvæð áhrif á umhverfi eða nágretta. Kjallari verður ekki á nokkurn hátt sýnilegur utanfrá og breyting á byggingarreit í skipulagsuppdrætti er engin enda bara um textabreytingu og skilgreiningu í deiliskipulagsskipulagsskilmálum að ræða. Breytingin er óveruleg og fellur undir 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagssлага nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í bæjarstjórn Akraness með vísan til 2. mgr. 43.gr. og 2. mgr. 44 gr. skipulagssлага nr. 123/2010 þann _____ 2016

_____ bæjarstjórinn á Akranesi

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

SKÝRINGAR:

- BINDANDI BYGGINGALÍNA
- - - BYGGINGAREITUR
- • — MÖRK BREYTINGA DEILISKIPULAGS

Jón Þór Jónsson - Byggingafræðingur BFÍ
Stekkjarkholti 13 - 300 Akranes.

kt. 050476-4569
jthjonnun@gmail.com

Breyting á deiliskipulagi. Seljuskógar 6 og 8

Unnið fyrir lóðahafa í samvinnu við Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar 13.2.2017